

6. 1704002 - Lagafrumvörp Beiðni Alþingis um umsögn  
Fyrir bæjarráði lá tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir  
árin 2019-2033.

Bæjarráð gerir alvarlegar athugasemdir við að hvergi sé minnst á  
útbætur á Þrengslavegi né heldur á Þorlákshafnarvegi í fyrirliggjandi  
samgönguáætlun til næstu 14 ára.

Þorlákshafnarvegurinn er mjög slitinn og skorinn þannig að að vatn  
safnast í hjólrásir og veldur mikilli hættu.

Öllum má einnig ljóst vera að Þrengslavegur er hvergi í takt við  
kröfur nútímans og þá allra síst eftir að fraktflutningar hófust frá  
Þorlákshöfn til meginlands Evrópu. Slíkt kallar eðli málsins  
samkvæmt á verulega aukna þungaflutninga um veginn enda fer um  
hann verulegur hluti af bæði inn- og útflutningi þjóðarinnar.

Bæjarráð minnir sérstaklega á að Alþingi hefur ítrekað rætt  
möguleika Þorlákshafnar til vaxtar og er þess skemmst að minnast  
þegar flutt var þingsályktunartillaga um innviðauppbyggingu og  
markaðssetningu hafnarinnar á yfirstandandi löggjafarþingi.

Forsenda vaxtar bæði hvað varðar atvinnulíf og íbúabyggðar er þó  
ekki hvað síst að samgöngur verði ekki flöskuháls á jákvæða þróun.

Bæjarráð er vel meðvitað um að þörfin fyrir vegaútbætur er víðar en  
í Ölfusinu. Í raun er síst ofmælt að þörf sé á þjóðarátaki hvað varðar  
vegaútbætur. Þess vegna hvetur ráðið Alþingi mjög eindregið til  
þess að leita allra leiða til stíga fastar fram og tryggja nauðsynlegar  
vegabætur í Ölfusinu og víðar.